

Mánudaginn 15. maí 1995.

Nr. 163/1995.

**Sparisjóður Hafnarfjarðar**

(Valgarður Sigurðsson hrl.)

gegn

**protabúi Vélsmiðju K. Magnússonar sf.**

(Ásgeir Thoroddsen hrl.)

Kærumál. Gjaldþrotaskipti. Kröfulýsing.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Markús Sigurbjörnsson og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 8. maí 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 12. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 25. apríl 1995 um rétt hæð kröfu sóknaraðila við greiðslu úr búi varnaraðila. Kæruheimild er í 179. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og breytt á þá leið, að krafa hans, að fjárhæð 750.956 krónur, verði viðurkennd sem veðkrafa á hendur varnaraðila samkvæmt 111. gr. laga nr. 21/1991. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Af hálfu varnaraðila er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Sóknaraðili greiði varnaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

**D ó m s o r ð:**

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Sparisjóður Hafnarfjarðar, greiði varnaraðila, protabúi Vélsmiðju K. Magnússonar sf., 40.000 krónur í kærumálskostnað.

## Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 25. apríl 1995.

### I.

#### *Dómkröfur aðila.*

Mál þetta, sem varðar ágreining við gjaldþrotaskipti, var þingfest 24. febrúar 1995 og tekið til úrskurðar 4. apríl 1995 að loknum munnlegum málflutningi.

Sóknaraðili, Sparisjóður Hafnarfjarðar, kt. 610269-5599, Strandgötu 8-11, Hafnarfirði, gerir þá kröfu, að viðurkennd verði sem veðkrafa í búið krafa sóknaraðila, að fjárhæð 750.956 krónur, auk áfallandi dráttarvaxta frá úrskurðardegi og að krafan verði að fullu greidd af andvirði veðsins. Jafnframt er þess krafist, að varnaraðili verði úrskurðaður til að greiða sóknaraðila málskostnað að skaðlausu.

Varnaraðili, þrotabú Vélsmiðju K. Magnússonar sf., kt. 570388-1779, krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá dómi, en til vara, að kröfu sóknaraðila verði hafnað og að staðfest verði sú afstaða skiptastjóra, að krafa sóknaraðila hljóti stöðu almennrar kröfu við skipti þrotabúsins. Þá er þess krafist, að sóknaraðili verði úrskurðaður til að greiða varnaraðila málskostnað samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi.

Sáttaumleitanir dómarsans hafa engan árangur borið.

### II.

#### *Tildrög málsins.*

Hinn 19. júlí 1994 var bú Vélsmiðju K. Magnússonar sf., kt. 570388-1779, Fitjabakka 12, Njarðvík, tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness. Skiptabeiðandi var sýslumaðurinn í Keflavík, og barst beiðni hans 3. júní sama ár, sem telst frestadagur við skiptin. Til að fara með skiptin var Sveinn Andri Sveinsson hdl. skipaður skiptastjóri búsins. Innköllun vegna gjaldþrotaskiptanna birtist fyrra sinni í Lögbirtingablaðinu 12. ágúst 1994, og lauk fresti til að lýsa kröfum 12. október það ár.

Með bréfum lögmanns sóknaraðila, dags. 23. og 24. ágúst 1994, sem bárust skiptastjóra 26. sama mánaðar, var lýst í búið kröfu sóknaraðila, að fjárhæð 750.956 krónur, nánar tiltekið, höfuðstóll 290.000 krónur, dráttarvextir til úrskurðardags skipta 309.798 krónur og kostnaður 151.158 krónur. Á grundvelli kröfulýsingar sóknaraðila og fylgigagna var litið svo á af hálfu varnaraðila, að kröfunni væri lýst í búið sem veðkröfu vegna fjárnáms frá 10. apríl 1991. Skiptastjóri féllst hins vegar ekki á, að krafan nyti stöðu í réttindaröð í samræmi við það, en samþykkti kröfuna sem almenna kröfu í búið. Þessa niðurstöðu studdi skiptastjóri 2. mgr. 50. gr. laga nr. 90/1887 um aðför, þar sem sóknaraðili hafði ekki krafist nauðungarsölu eða endurupptöku fjárnámsins innan 12 vikna, frá því að gerðinni var lokið. Skiptastjóri tilkynnti sóknaraðila um afstöðu sína með bréfi, dags. 13. október 1994, þar sem einnig var tekið fram, að væru andmæli ekki höfð uppi í síð-

asta lagi á skiptafundi til að fjalla um skrá yfir lýstar kröfur, mætti vænta þess, að afstaðan yrði talin endanlega samþykkt, sbr. 3. mgr. 120. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl.

Skiptafundur til að fjalla um skrá yfir lýstar kröfur í þrotabúið var haldinn 20. október 1994. Fundur þennan sótti sóknaraðili ekki, og var bókað í gerðabók skiptastjóra, að kröfuskrá teldist samþykkt að frátalinni einni kröfu máli þessu óviðkomandi.

Í bréfi lögmanns sóknaraðila til skiptastjóra, dags. 23. desember 1994, var vísað til fyrrgreinds bréfs skiptastjóra, dags. 13. október sama ár, og af því dregin sú ályktun, að varnaraðili hygðist fá fjárnámi sóknaraðila hnekkt fyrir dómi. Var þess óskað, að skiptastjóri upplýsti um stöðu málsins og undinn yrði bráður bugur að því að vísa málinu til héraðsdóms, hefði slíkt ekki þegar verið gert. Vegna þessa ritaði skiptastjóri lögmanni sóknaraðila bréf, dags. 5. janúar 1995, þar sem því var meðal annars haldið fram, að fjallað hefði verið um kröfu sóknaraðila með bindandi hætti.

Hinn 12. janúar 1995 var haldinn skiptafundur til að fjalla um frumvarp til úthlutunar úr búinu. Þann fund sótti sóknaraðili og andmælti því, að krafa sín, tryggð með fjárnámi í kröfu á hendur Hitaveitu Reykjavíkur, hefði ekki verið að fullu greidd, auk þess sem áðurgreindri afstöðu skiptastjóra var mótmælt. Að ósk sóknaraðila féllst skiptastjóri á að skjóta ágreiningi málsaðila til úrlausnar dómsins. Með bréfi skiptastjóra til dómsins, dags. 3. febrúar 1995, var málinu síðan vísað til dómsins á grundvelli 171. gr., sbr. 120. gr. laga nr. 21/1991.

### III.

#### *Málsatvik.*

Til grundvallar fjárkröfu sóknaraðila liggur réttarsátt, gerð fyrir bæjarþingi Hafnarfjarðar 15. janúar 1991, í dómsmáli til heimtu víxilskuldar, þar sem Vélsmiðja K. Magnússonar sf. lofar að greiða sóknaraðila 290.000 krónur með gjalddaga í janúar og febrúar 1991.

Hinn 10. apríl 1991 var gert fjárnám hjá Vélsmiðju K. Magnússonar sf. í greiðslum frá Hitaveitu Reykjavíkur samkvæmt verksamningi vegna Nesjavallavirkjunar. Með bréfi lögmanns sóknaraðila, dags. 17. september 1991, var Hitaveitu Reykjavíkur tilkynnt um fjárnámið og að óheimilt væri að inna greiðslu af hendi til Vélsmiðju K. Magnússonar sf. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá 22. apríl 1994 var leyst úr ágreiningi um umrædda kröfu á hendur Hitaveitu Reykjavíkur og hitaveitunni gert að greiða Vélsmiðju K. Magnússonar sf. 2.441.334 krónur auk dráttarvaxta frá 1. október 1990 til greiðsludags og 450.000 kr. í málskostnað. Í kjölfarið ritaði lögmaður sóknaraðila Hitaveitu Reykjavíkur að nýju bréf, dags. 3. maí 1994, og

krafðist þess, að dómkrafan yrði greidd með uppgjöri á fjárnámskröfu sóknaraðila. Ágreiningslaust er með aðilum máls þessa, að í lok júlímánaðar 1994 greiddi Hitaveita Reykjavíkur varnaraðila í samræmi við dóm Héraðsdóms Reykjavíkur.

## IV.

*Málsástæður sóknaraðila.*

Krafa sóknaraðila byggist á því, að hann hafi með fjárnámi, sem fram fór 10. apríl 1991, öðlast aðfararveð í kröfu varnaraðila á hendur Hitaveitu Reykjavíkur, sem greidd hafi verið búinu. Því beri kröfunni réttthæð veðkröfu samkvæmt 111. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. og skuli greidd að fullu af andvirði veðsins, þar sem ekki sé um aðrar veðkröfur að ræða. Fjárnámið hafi verið löglegt og því ekki mótmælt af hálfu Vélsmiðju K. Magnússonar sf. Þá hafi gildi þess verið tryggt, þar sem gætt hafi verið ákvæða 2. mgr. 48. gr. laga nr. 19/1887 um aðför, með því að tilkynna Hitaveitu Reykjavíkur um fjárnámið, og því hafi sóknaraðili ekki glatað rétti sínum, þótt bú fjárnámsþola hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta, sbr. 1. mgr. 50. gr. laganna.

Sóknaraðili heldur því fram, að kröfulýsing og afstaða skiptastjóra til réttthæðar kröfunnar raski ekki aðfararveðinu og það falli ekki niður nema að undangengnum dómi eða uppboði á hinu fjárnúmnda. Um þetta vísar sóknaraðili til Hæstaréttardóms frá 17. desember 1990 í málinu nr. 400/1988 (Hrd. 1990, 1689).

Þá vísar sóknaraðili til þess, að ákvæði 60. gr. laga nr. 90/1989 um aðför gildi ekki um aðfarargerðir, sem fram hafa farið fyrir 1. júlí 1992, sbr. 2. mgr. 104. gr. laganna. Reglur eldri laga gildi því um fjárnám það, sem mál þetta varði. Lög nr. 19/1887 um aðför hafi sett fjórar mismunandi reglur um réttarvernd aðfararveða eftir því, um hvers konar eignir væri að ræða. Þannig hafi réttarvernd fjárnáms í fasteign verið háð þinglýsingu, sbr. 2. mgr. 46. gr. laganna, fjárnám í viðskiptabréfum hafi þurft að tryggja með áritun á bréfið, sbr. 1. mgr. 48. gr. laganna, og fjárnám í „lausum aurum“, þ. e. lausafé, sem gengið geti kaupum og sölum, hafi þurft að tryggja með vörslusviptingu, meðal annars sökum reglna um traustfang, sbr. 2. mgr. 50. gr. laganna. Loks hafi þurft og verið nægjanlegt til að tryggja fjárnám í einföldum óbréfuðum kröfum að tilkynna skuldara um fjárnámið og þar með, hver væri réttur viðtakanda greiðslu, sbr. 2. mgr. 48. gr. laganna. Ákvæði 2. mgr. 50. gr. eigi því ekki við, þar sem þau varði einungis fjárnám í lausum aurum, sem taka megj úr umráðum fjárnámsþola. Eign sú, sem sóknaraðili tók fjárnámi, hafi verið óviss og umþrætt krafa, sem ekki hafi fengist stað-

fest fyrir en með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá 22. apríl 1994. Ekki hafi verið um viðskiptabréfakröfu að ræða, heldur einfalda kröfu um uppgjör verklauna. Viðskiptabréfareglur hafi því ekki átt við og fullnægjandi til réttarverndar að gæta reglu 2. mgr. 48. gr. laganna.

## V.

### *Málsástæður varnaraðila.*

Aðalkrafa varnaraðila um frávísun málsins er studd þeirri forsendu, að í þeim ágreiningi, sem sóknaraðili hafi uppi, felist í raun mótmæli við kröfuskra og afstöðu skiptastjóra til kröfu sóknaraðila. Sóknaraðili hafi hins vegar haft alla burði til þess að mótmæla afstöðu skiptastjóra á fyrri stigum, eins og honum hafi ljóslega verið gerð grein fyrir. Um kröfuna hafi verið fjallað með bindandi hætti, og afstaða skiptastjóra sé endanleg, sbr. 3. mgr. 120. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl.

Varnaraðili vísar til þess, að réttarstaða veðkröfuhafa við gjaldþrotaskipti sé nokkuð sterk miðað við aðra kröfuhafa, þar sem þeim sé ekki nauðsyn á því að lýsa kröfu sinni til að fá hana greidda af eignum bús. Það fái því þó ekki breytt, að kröfu sóknaraðila var lýst og afstaða tekin til hennar, sem ekki var mótmælt. Sú afstaða skiptastjóra sé því endanleg við skiptin.

Varnaraðili vísar því á bug, að honum hafi borið að fá fjárnáminu hnekkt með dómi. Það hafi verið ákvörðun skiptastjóra að greiða ekki kröfuna á þeim grundvelli, að fjárnámið hafi verið niður fallið, og svo hafi verið, án þess að grípa þyrfti til sérstakra ráðstafana í því skyni. Fjárnámið hafi einfaldlega fallið niður við gjaldþrotið og í raun vikið fyrir öðrum síðari aðfarargerðum.

Varnaraðili reisir varakröfu sína á því, að fjárnám sóknaraðila hafi verið fallið niður fyrir ákvæði 2. mgr. 50. gr. laga nr. 19/1887 um aðför, en samkvæmt því ákvæði glatist fjárnámsréttur í lausafé gagnvart lánardrottnum skuldara, verði hann gjaldþrota eða gert sé fjárnám að nýju, ef fjárnámshafi hefur ekki innan 12 vikna, frá því að gerð var lokið, komið fram nauðungaruppboði eða með nýrri aðför komið hinu fjárnúmdu úr höndum skuldara. Ekkert hafi verið því til fyrirstöðu, að sóknaraðili óskaði endurupptöku fjárnámsins eða léti fara fram nauðungaruppboð á kröfunni. Varnaraðili telur ótvírætt, að 2. mgr. 50. gr. eldri aðfararlaga hafi gilt um kröfurettindi, en svo sé beinlínis tekið fram í hliðstæðu ákvæði 1. mgr. 60. gr. gildandi laga nr. 90/1989 um aðför. Þá hafi ekkert staðið því í vegi, að sóknaraðili tæki kröfuna úr vörslum gerðarþola, sbr. úrræði 71. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu. Á hinn bóginn hafi verið ófullnægjandi til réttarverndar ráðstöfun sóknaraðila á grundvelli 2. mgr. 48. gr. eldri aðfararlaga.

*Niðurstaða.*

Í máli þessu er ágreiningur með aðilum um stöðu kröfu sóknaraðila í réttindaröð við gjaldþrotaskipti. Sóknaraðili heldur því fram, að kröfuna eigi að greiða úr búinu sem veðkröfu samkvæmt 111. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. Varnaraðili hefur hins vegar samþykkt kröfuna sem almenna kröfu í búíð, sbr. 113. gr. laganna.

Svo sem rakið hefur verið greiddi Hitaveita Reykjavíkur varnaraðila í júlímánuði 1994 skuld samkvæmt dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá 22. apríl 1994, en sóknaraðili hafði gert fjárnám í þeirri kröfu 10. apríl 1991. Í kjölfar þessa átti sóknaraðili ekki annarra kosta vöð til fullnustu kröfu sinnar á hendur varnaraðila en lýsa kröfunni í búíð, svo sem hann gerði með kröfulýsingu í ágústmánuði 1994. Skiptastjóri tók afstöðu til þeirrar kröfulýsingar og hafnaði því, að krafan yrði samþykkt sem veðkrafa í búíð. Afstaða skiptastjóra var tilkynnt sóknaraðila með fullnægjandi hætti, og voru andmæli ekki höfð uppi í samræmi við 1. mgr. 120. gr. laga nr. 21/1991. Telst hún því endanlega samþykkt við skiptin, sbr. 3. mgr. 120. gr. laganna. Þessi niðurstaða veldur ekki frávísun málsins, sem réttilega er borið undir dóm-inn til úrlausnar, heldur verður fallist á varakröfu varnaraðila um, að kröfu sóknaraðila verði hafnað, og staðfest, að krafan njóti stöðu almennrar kröfu við skiptin.

Sóknaraðili greiði varnaraðila 40.000 krónur í málskostnað.

Benedikt Bogason dómarafulltrúi kveður upp úrskurð þennan.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Hafnað er kröfu sóknaraðila, Sparisjóðs Hafnarfjarðar, að krafa hans á hendur varnaraðila, þrotabúi Vélsmiðju K. Magnússonar sf., verði viðurkennd sem veðkrafa í þrotabúíð.

Sóknaraðili greiði varnaraðila 40.000 krónur í málskostnað.

---